

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Múlaþing (áður Borgarfjarðarhreppur) Brandsbolum



Dags eftirlits	8.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Múlaþing (áður Borgarfjarðarhreppur)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4801696549	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Freyr Ævarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	739418,151 568593,816

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar skil á skráningum og ein ábending var sett fram er varðar vatn í gryfjum. Frá eftirliti 2019 voru opin fjögur frávik. Þremur frávikum er varða vatn í gryfju, starfsemi án starfsleyfis og takmörkun aðgangs telst lokið. Frávik er varðar skil á skráningum fyrir árið 2018 helst opið.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Múlaþings að Brandsbolum á Borgarfirði eystri. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.3)
- Móttaka og skráning úrgangs (gr. 3.2)
- Varnir gegn foki úrgangsefna (gr. 3.4)
- Daglegur frágangur urðunarreina (gr. 3.10)
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Um er að ræða fyrsta eftirlit eftir að nýtt starfsleyfi tók gildi þann 20. mars 2020. Á urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti og urða 200 tonn af óvirkum og blönduðum heimilisúrgangi á ári. Umhverfisstofnun hefur ekki borist upplýsingar um magn úrgangs til urðunar fyrir árið 2020.

Urðunarstaðurinn er lítil og þjónar eingöngu fyrrum Borgarfjarðarhrepp. Umsjón hans er í höndum áhaldahúss staðarins. Hlið eru læst og girðing er umhverfis urðunarstaðinn. Við eftirlit var hún í góðu ástandi.

Við eftirlit voru þrjár gryfjur í notkun; fyrir almennan heimilisúrgang, lífrænan úrgang og óvirkan úrgang. Daglegur frágangur er á þann hátt að hlerar eru hafðir á gryfjunum á meðan þær eru í notkun, þegar nýjar gryfjur eru teknar í notkun eru hlerarnir settir á þær og mokað yfir eldri gryfjurnar. Varnir gegn foki úrgangsefna eru því góðar og frágangur urðunarreina fullnægjandi.

Urðunarstaðurinn er sem stendur í áhættuflokki c og fær því eftirlit annaðhvert ár. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirliti.

Í eftirliti þann 30. september 2019 komu fram fjögur frávik er varða vatn í gryfju, starfsemi án starfsleyfis, takmörkun aðgangs og skil á skráningum fyrir árið 2018. Urðunarstaðurinn hefur fengið nýtt starfsleyfi og því telst frávikum er varðar starfsemi án starfsleyfis lokið. Við eftirlit nú var ekki vatn í gryfju og girðing var í lagi, því telst þeim frávikum lokið. Rekstraraðila er þó bent á að gæta að því að vatn liggi ekki í gryfjum.

Við eftirlit nú lágu ekki fyrir skráningar fyrir urðunarstaðinn fyrir árið 2020 og telst það vera frávik frá starfsleyfi.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávikum

gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 22. gr. fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs





## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er þó bent á að gæta að því að vatn liggi ekki í gryfjum.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.01.2022



---

Sigríður Magnúsdóttir

